

Suðurnesjabær  
Jón Ben Einarsson  
Sunnubraut 4  
250 Garður

Reykjavík, 20. apríl 2022  
UST202203-289/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Vinnslutillaga - Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022 – 2034 - Heildarendurskoðun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Suðurnesjabæjar er barst 22. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um vinnslutillögu að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2022 - 2034.

Í greinargerð kemur fram að tilgangurinn með gerð aðalskipulagsins er að skapa heildstæða umgjörð um skipulagsmál svo hægt verði að takast á við nýjar og krefjandi áskoranir í skipulagsmálum. Markmiðið er einnig að móta heildstæða og skýra framtíðarsýn fyrir nýtt sameinað sveitarfélag. Markmiðið er einnig að móta stefnu sem hefur jákvæð áhrif á umhverfið og stuðlar að lífsgæðum og sjálfbærni daglegs lífs íbúa í Suðurnesjabæ.

### **Sérstök vernd náttúruverndarlaga**

Í greinargerð segir að sýnd séu á þemaupprætti um náttúruvernd svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, t.d. votlendi, sjávarfitjar og leirur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um á nákvæman hátt í greinargerð hvaða vistkerfi og jarðminjar falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, ákvæði laganna og fjallað sé um réttaráhrif svæða sem falla undir greinina.<sup>1</sup>

Einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, séu sýnd á þemaupprætti.

Umhverfisstofnun bendir á að í 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um vistkerfi og jarðminjar sem falla undir sérstaka vernd laganna í samræmi við markmið 2. gr., sbr. og c-lið 3. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að

---

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>.

forðast rask svæða sem falla undir sérstaka vernd sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef landnýtingaráætlunin gerir ráð fyrir röskun á svæðum sem falla undir sérstaka vernd þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum svæðum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu áætlunarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

### **Takmarkanir á landnotkun**

Í kafla 23 í greinargerð er fjallað um takmarkanir á landnotkun. Umhverfisstofnun bendir á að í 6.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er skylt að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun, mannvirkjagerð eða umgengni.

Setja skal almenn skipulagsákvæði eða skilmála til að framfylgja stefnu um takmarkanir á landnotkun í hverjum flokki og sértæk ákvæði eða skilmála eftir þörfum fyrir hvert svæði sem takmarkanir gilda um vegna verndarákvæða. Ákvæði og skilmálar skulu fela í sér nauðsynlegar takmarkanir til að bregðast við þeim sérstöku aðstæðum sem á svæðinu ríkja, svo sem um mannvirkjagerð, umgengni og landnotkun.

Þessi svæði eru á landi og í sjó sem eru friðlýst eða njóta verndar samkvæmt lögum, þ.e. náttúruvætti (sérstæðar náttúrumyndanir), friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar.

Auk þess eru það svæði, svo sem jarðmyndanir og vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Jafnframt svæði sem skilgreind eru í verndarflokki í verndar- og orkunýtingaráætlun.

### **Loftslagsstefna**

Í greinargerð segir að horft verði til þess hvort og hvernig sporna megi við neikvæðum áhrifum óðahlýnunar. Umhverfisstofnun vill benda á að í 5. gr. c. lið laga nr. 70/2012 um loftslagsmál segir að sveitarfélög skuli setja sér loftslagsstefnu, þar sem stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um loftslagsstefnu sveitarfélagsins í tillögnum.

### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að bæði þéttbýlin losa undir 2.000 persónueiningar af skólpi (skv. [Stöðuskýrslu fráveitumála á Íslandi 2018](#)) og er því krafa um viðeigandi hreinsun á skólpi samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi. Viðeigandi hreinsun er hreinsun skólps með viðurkenndum hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar svo að gæðamarkmiðum fyrir viðtaka sé náð, sbr. I.- V. viðauka. Í fylgiskjali nr. 1 kemur fram að við útrásir, þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar, má hvergi vera:

- Set eða útfellingar.
- Þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir).
- Olía eða froða.
- Sorp eða aðrir aðskotahlutir.
- Efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.



## UMHVERFIS

### STOFNUN

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á að skv. 15. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp á heilbrigðisnefnd að samþykkja nýjar og endurbættar fráveitur. Heilbrigðisnefnd skal hafa náð samráð við Umhverfisstofnun áður en samþykki er veitt fyrir fráveitu- og hreinsibúnaði.

#### **Þynningarsvæði**

Í greinargerð er gert ráð fyrir þynningarsvæði við Bergvík fyrir áætlaða loftmengun frá fyrirhugaðri iðnaðarstarfsemi. Innan þynningarsvæðis er ekki gert ráð fyrir landbúnaði eða íbúðarbyggð.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, nú umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, til stofnunarinnar frá 10. júlí 2019 segir að í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sé ekki gert ráð fyrir þynningarsvæðum. Með lögum nr. 66/2017 um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir var með innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB mörkuð sú stefna að ákvæði um þynningarsvæði verði ekki í starfsleyfum, m.a. með hliðsjón af náttúruverndarsjónarmiðum, vernd íbúa og annarra sem hagsmuna eiga að gæta í nágrenni við stóriðju. Ljóst væri að ekki yrðu sett fleiri þynningarsvæði heldur yrði losun mengunarefna umfram umhverfis- og heilsuverndarmarka óheimil utan lóðamarka viðkomandi iðnaðarsvæða.

Starfsleyfi Norðuráls, Helguvík, var gefið út árið 2008 en það gildir til 31. desember 2024. Í starfsleyfinu er gert ráð fyrir þynningarsvæði. Staðfest hefur verið í eftirliti síðustu ár að engin starfsemi er í gangi og að stöðin hefur ekki verið gangsett.

Umhverfisstofnun er að vinna í að endurskoða starfsleyfi sem innihalda þynningarsvæði og áformar að ákvæði um þynningarsvæði í starfsleyfi Norðuráls, Helguvík, verði fellt niður.

Í aðalskipulagi Suðurnesjabæjar 2013-2030 er þynningarsvæði álversins í Helguvík skilgreint sem varúðarsvæði (VA1). Í greinargerð með aðalskipulagi segir að varúðarsvæði sé svæði þar sem heilsu eða öryggi kann að vera ógnað, svo sem vegna hávaða, mengunar, hættulegra efna og annarra takmarkana sem setja þarf í varúðarskyni. Svæði í biðflokki samkvæmt verndar- og orkunýtingaráætlun.

Umhverfisstofnun leggst ekki gegn því að varúðarsvæði sé áfram skipulagt á sama svæði og núgildandi þynningarsvæði sbr. skipulagsreglugerð. Hins vegar mætti taka fram að þynningarsvæðið mun að öllum líkindum vera fellt niður fyrir árið 2025.

#### **Mengaður jarðvegur**

Umhverfisstofnun bendir á að 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2021 skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum sem grunur er um mengun.

#### **Stjórn vatnamála**

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og

langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillöggunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Meginmarkið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) er á fyrirætluðu framkvæmdasvæði, en neysluvatn til íbúa og iðnaðar á svæðinu er fengið úr vatnshlotinu. Þar sem vatnshlotið hefur verið flokkað í hættu, vegna slæms efnafræðilegs ástands, hvetur Umhverfisstofnun til áframhaldandi vöktunar og reglubundinna sýnatöku forgangsefna úr neysluvatni á svæðinu, skv. reglugerð nr. 535/2011. Vöktun og upplýsingar um drykkjarvatn á svæðinu er mikilvæg fyrir hinn almenna notanda.

Tvær aðgerðir í aðgerðaáætlun snúa að Rosmhvalanesi 2. Þær eru: F5- Yfirlitsvöktun í Rosmhvalanesi 2 og F6- Kortlagning á álagi og starfsemi í tengslum við Rosmhvalanes 2. Aðgerðirnar verða unnar í samstarfi við ÍSOR, ISAVIA, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Umhverfisstofnun og fleiri aðila á árunum 2022-2024.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

*sérfræðingur*

Hlín Gísladóttir

*lögfræðingur*